

Matskerfi opinberra háskóla

Matskerfi opinberra háskóla er grundvöllur árlegs mats á störfum akademískra starfsmanna, þ.e. þeirra sem ráðnir eru samkvæmt hæfnisdómi og eru í Félagi prófessora við ríkisháskóla eða í öðrum kjarafélögum sem hafa gert samning um aðild að kerfinu (Félag háskólakennara við HÍ og Félag háskólakennara á Akureyri).

Árlegt mat á störfum nær til rannsókna, kennslu, stjórnunar, þjónustu og fleiri þátta. Matið grundvallast á svokölluðu framtali starfa sem er aðgengilegt akademískum starfsmönnum opinberu háskólana í gegnum Uglu. Við Háskóla Íslands gildir að ritverk og annað útgefið efni sem ekki er auðkennt Háskóla Íslands (e. University of Iceland) er ekki tekið til mats. Engin stig, hvorki fyrir rannsóknir, kennslu né annað, eru veitt fyrir en fullnægjandi framtali hefur verið skilað.

Í kjölfar nýráðningar akademískra starfsmanna eru fyrri störf þeirra grunnmetin á grundvelli ferilsskrár, ritaskrár eða annarra fyrirliggjandi gagna. Ekki er gerð krafa um auðkenningu ritverka í grunnmati. Hafi starfsmaður fengið störf sín metin í grunnmat en er ráðinn til annarra starfa síðar, gildir fyrra mat. Verði tímabundið rof á ráðningarsambandi er heimilt að meta til stiga verk og störf sem birt eru eða unnin á því tímabili.

Framkvæmd matsins er í samræmi við samkomulag Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri, Háskólans á Hólum, Landbúnaðarháskóla Íslands, mennta- og menningarmálaráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Félags prófessora við ríkisháskóla, Félags háskólakennara við Háskóla Íslands og Félags háskólakennara við Háskólann á Akureyri, sem undirritað var 1. desember 2020.

Rannsóknir

Mat á rannsóknum byggist í meginatriðum á birtingarvettvangi ritverks. Litið er svo á að efni sem birtist á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur sé metið með tilliti til efnisöflunar, frumleika og framlags til nýrrar þekkingar. Þá skiptir sköpum hvernig útgefandi stendur að ritrýni. Ritrýni telst fullnægjandi þegar efni sem til stendur að birta er sent til a.m.k. tveggja ritrýna. Ritrýni skal vera nafnlaus, fagleg, efnisleg og unnin af viðurkenndum sérfræðingum á viðkomandi sviði. Enn fremur er lagt mat á dreifingu, aðgengi og áhrif ritverka.

Ritverk, einkum greinar í vísindatímaritum, eru metin til stiga hvort sem þau eru birt rafrænt eingöngu eða einnig á prenti.

Kennsla

Lagt er mat á virkni og gæði í kennslu, m.a. í birtu kennsluefni, nýsköpun í kennslu og í leiðbeiningu nemenda í lokaverkefnum, bæði í grunn- og framhaldsnámi. Lögð er áhersla á að meta nýmæli í kennslu, framlag til kennsluþróunar, kennsluferilskrá og þátttöku í kennslufræðilegum námskeiðum.

Stjórnun, þjónusta og annað

Í C- hluta matskerfisins er gerð grein fyrir þeim þáttum sem koma til mats vegna stjórnunarstarfa innan háskóla. Lagt er mat á tiltekin stjórnunarstörf sem einkum eru á vegum háskólanna í heild

eða fræðasviða þeirra. Í D-hluta er gerð grein fyrir þeim atriðum sem falla undir þjónustu og fræðslu fyrir almenning, stjórnvöld, félagasamtök, hagsmunasamtök, góðgerða- og mannúðarfélög og aðra aðila sem háskólaþólk sinnir í krafti sérþekkingar sinnar.

Heimilt er að breyta mati með afturvirkum hætti komi í ljós villur sem ekki eru í samræmi við matsreglur. Villur í mati geta t.a.m. varðað: a) tvímat á sama efni, 2) fjölböfundareglu, 3) skráningu fjölda höfunda, 4) ósamræmi milli matsflokks og skráðra stiga, ofl. Framteljendum er heimilt að telja fram eldra efni í árlegu framtali starfa, hafi það ekki verið metið áður.

A. Rannsóknir – forsendur mats, sérstakt mat og endurmat

a) Deiliregla vegna fjölhöfundaefnis

Deiliregla þessi tekur til ritverka, svo sem til bóka (A2), bókarkafla (A3), tímaritsgreina (A4), ráðstefnurita (A5), fræðilegrar ritstjórnar (A7), skýrslna, ritdóma og þýðinga (A8). Deilireglan tekur einnig til birtra og aðgengilegra verka sem ekki eru eiginleg ritverk, t.d. til námsefnisgerðar (A9) og til nýsköpunar (A10). Hún tekur jafnframt til kennslurita (B2), álitsgerða og skýrslna (D4), hugbúnaðar (D5) og til fræðsluefnis fyrir almenning (D6). Þegar höfundar eru fleiri en einn reiknast stig á eftirfarandi hátt:

Tveir höfundar	1,5 x stig / 2
Þrjú höfundar	1,8 x stig / 3
Fjórir höfundar eða fl.	2,0 x stig / fjölda höfunda

Allt að tvö fjölhöfundaverk framteljanda fá viðbótarstig á ári hverju samkvæmt eftirfarandi:

1. Ef framteljandi hefur fjögur eða færri fjölhöfundaverk er valið eitt verk sem færir honum til viðbótar helming af mismuninum á milli veittra stiga og grunnstiga viðkomandi ritverks. Ávallt er valið það ritverk sem hagstæðast er fyrir viðkomandi, þ.e. gefur flest stig *eftir* útreikning.
2. Ef viðkomandi birtir fimm eða fleiri fjölhöfundaverk á árinu eru valin tvö ritverk sem hvort um sig gefa framteljanda helming af mismuninum á milli veittra stiga og grunnstiga beggja ritverkanna á sama hátt og í lið 1. að ofan.

Samkvæmt framansögðu fær framteljandi viðbótarstig fyrir eitt ritverk ef hann birtir fjögur eða færri fjölhöfundaverk á ári. Ef framteljandi birtir fimm eða fleiri fjölhöfundaverk á ári fær hann viðbótarstig fyrir tvö slík verk.

Dæmi:

Ef um er að ræða ritverk sem gefur 20 grunnstig með fimm höfundum fást fyrst 8 stig ($2 \cdot 20 / 5 = 8$). Til viðbótar (samkvæmt tl. 1 að framan) fæst mismunurinn á veittum stigum (8) og grunnstigum (20) sem er 12 stig. Samkvæmt deilireglunni fæst helmingur mismunarins til viðbótar eða 6 stig. Ritverkið færir því höfundi 14 stig ($8 + 6$). Ef fjölhöfundaritverk viðkomandi höfundar eru fimm eða fleiri endurtekur reglan sig. Er þá valið það ritverk sem færir höfundi næstflest viðbótarstig.

Af þessari reglu leiðir að eftir því sem höfundum ritverks fjölgar þá eykst viðbótin. Væru höfundar 10 en ekki 5 í dæminu hér að ofan yrðu viðbótarstigin 8 en ekki 6 og heildarstigin því 12 en ekki 14.

b) Mats- og flokkunarkerfi fyrir bækur og tímarit

Við mat á bókum (A2), bókarköflum (A3) og tímaritum (A4) er stuðst við viðurkennda alþjóðlega gagnagrunna eins og Scopus og Web of Science. Auk þess er að nokkru leyti stuðst við finnska mats- og flokkunarkerfið fyrir akademísk verk. Finnska flokkunarkerfið skiptir fræðavettvangi háskóla og vísindastofnana í 23 fræðasvið. Sérfræðingar í 23 hópum flokka akademísk tímarit og akademíska útgefendur hver á sínu fræðavettvangi. Meginkrafan er að um

ritrýndar akademískar útgáfur sé að ræða, með faglegri ritstjórn sem skipuð er leiðandi sérfræðingum á sviðinu.

Samkvæmt finnska matskerfinu eru tímarit, forlög og vísindaráðstefnur flokkuð í þrjú stig:

Grunnstig. Ritrýnd útgáfa (forlag eða tímarit) sem sérhæfir sig í birtingu vísindalegra rannsóknaniðurstaðna þar sem ritstjórn er skipuð sérfræðingum á sviðinu. Stærsti hluti útgáfna fellur undir grunnstig.

Annað og þriðja stig. Ritrýnd tímarit, ráðstefnur og forlög í hæsta gæðaflokki og með mest vísindaleg áhrif, að mati sérfræðinganevndar. Hér er að mestu leyti um alþjóðlegar útgáfur að ræða en í hug- og félagsvísindum eru til dæmi um staðbundnar útgáfur á öðru stigi.

Útgáfur sem hafa verið metnar en uppfylla ekki kröfur grunnstigsins fá merkinguna 0. Mat er aðgengilegt í svokölluðu *JUFO-portal*, sjá tengil hér að neðan.

Sjá nánar um finnska matskerfið hér: [JUFO portal](#)

Jafnframt er stuðst við flokkun tímarita í norska matskerfinu, en tímarit sem raðað er í 1. og 2. flokk þess kerfis tryggir röðun í flokk A4.3 í matskerfi opinberra háskóla. Sjá norska matskerfið hér: [Kanalregisteret](#)

Miðað er við flokkun forlags/tímarits þegar mat fer fram. Ávallt er stuðst við það flokkunarkerfi sem hagstæðast er fyrir viðkomandi framteljanda vilji svo til að misræmi sé milli flokkunar ólíkra matskerfa.

c) Sérstakt mat

Kennarar og sérfræðingar geta samhliða árlegu framtali starfa óskað eftir því að verk sem falla undir liði A.2-A.5, A7.2 og A8.1 verði metin sérstaklega og hefur matsnefnd heimild til að víkja frá þeim matsramma (grunnstiga hámarki) sem um ritverkið gildir. Óski kennari eða sérfræðingur eftir því að vikið verði frá hámarksstigafjölda skal hann rökstyðja það sérstaklega. Sýna þarf fram á að viðkomandi verk sé óvenju veigamikið eða hafi birst á vettvangi sem gerir óvenju strangar fræðilegar kröfur. Leitað verður aðstoðar sérfræðinga við sérstakt mat.

d) Endurmat

Kennarar og sérfræðingar geta á fimm ára fresti samhliða árlegu framtali starfa óskað eftir endurmati á verkum sem hafa vakið sérstaka athygli eða hafa haft óvenju mikil áhrif á fræðasviði kennarans eða sérfræðingsins. Leitað verður til sérfræðinga á viðkomandi fræðasviði við matið.

Matsflokkar A1 til A12

A1 Lokaritgerðir

Koma þarf fram við hvaða háskóla lokaritgerð er skrifuð og hvenær, svo og titill og blaðsíðufjöldi. Ef taldar eru fram tvær ritgerðir er gefið fyrir báðar. Ef birtar eru á viðurkenndum vísindavettvangi greinar, bók eða annað efni sem byggt er á lokaritgerð eru slíkar birtingar jafnframt metnar til stiga eins og önnur verk í viðeigandi flokkum.

A1.1	Kandidats- meistara- eða M.Philritgerð	15 stig
A1.2	Doktorsritgerð	30 stig

Ritgerðir sem eru færri en 30 ECTS einingar eru ekki metnar til stiga.

A2 og A3 Bækur og bókarkafar

Bókaverk eru flokkuð í fjóra flokka, sbr. neðangreint. Sérstök nefnd þriggja sérfræðinga, sem stjórn Matskerfis opinberra háskóla skipar, annast mat og flokkun bóka og bókarkafra. Nefndin skal eftir atvikum leita sér aðstoðar annarra sérfræðinga við mat á einstökum bókum og bókaköflum. Við það mat skal horft til þess hvort bókaverk standist alþjóðlegar kröfur um ritstjórnarlega umgjörð og fræðilegt framlag, án tillits til þess á hvaða tungumáli þau eru skrifuð. Hliðsjón er einnig höfð af því hvernig tímaritsgreinar eru metnar (sbr. flokkunina í A4).

Finnska matskerfið er haft til hliðsjónar við mat á bókum. Útgáfur forlaga í flokki 3 eru metnar skv. A2.1, í flokki 2 skv. A2.2 og í flokki 1 skv. A2.3.“ og „Finnska matskerfið er haft til hliðsjónar við mat á bókarköflum. Útgáfur forlaga í flokki 3 eru metnar skv. A3.1, í flokki 2 skv. A3.2 og í flokki 1 skv. A3.3

Stjórn matskerfisins er heimilt að gefa út nánari leiðbeiningar um mat og flokkun bóka.

A2 Bækur

A2.1	Ritrynd útgáfa hjá virtustu vísindaforlögum heims	80 stig
------	---	---------

Viðamiklar bækur sem gefnar eru út hjá virtustu vísindaforlögum heims. Lista um þau forlög sem falla í þennan flokk samkvæmt finnska mats- og flokkunarkerfinu má sjá [hér](#).

Listinn er ekki tæmandi og vakin er athygli á að unnt er að óska eftir því með rökstuðningi að tiltekin alþjóðlega virt bókaforlög sem gera óvenju miklar fræðilegar kröfur verði metin í þessum flokki.

Ef forlög gefa út ritraðir sem eru framarlega á tilteknum þröngum fræðasviðum er heimilt að meta þær í A.2.1. Bókarverk sem flokkast undir minni ritverk eða ritlinga eru metin í flokki A2.3 eða eftir atvikum í A2.4, þótt þau séu gefin út af framangreindum forlögum.

A2.2	Ritrynd útgáfa með alþjóðlega skírskotun	60 stig
------	--	---------

Ritrynd ritverk teljast hafa alþjóðlega skírskotun ef þau uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- 1) Verkin uppfylla ströngustu kröfur um þekkingarsköpun í vísindarannsóknum og eru samin með skýrri tilvísun í alþjóðlega umræðu fræðimanna samtímans.

- 2) Útgefandinn tryggir aðgengileika verka á alþjóðlegum vettvangi (t.d. með umboðsaðilum), þannig að hægt sé að nálgast þau á alþjóðlegum bókakaupalísum.
- 3) Auk ritrýni sinnir forlagið virkri fræðilegri ritstjórn.
- 4) Ef verkið er á íslensku skal fylgja því útdráttur á ensku eða öðru tungumáli sem almennt er notað og skilið af rannsakendum á viðkomandi fræðasviði.

A2.3 Íslensk eða erlend ritrýnd útgáfa sem einkum miðast við staðbundið fræðasamfélag

40 stig

Hér er t.d. átt við ritrýnd ritverk sem gefin eru út af viðurkenndum útgáfuaðilum en er einkum beint til staðbundins fræðasamfélags (e. „domestic academic community“) og uppfylla ekki öll þau skilyrði sem sett eru um flokk tvö. Gerð er skýlaus krafa um að verk í þessum flokki byggi á sjálfstæðum rannsóknum en gildi þeirra getur jafnframt falist í vissu miðlunarhlutverki, þ.e. að þau beini alþjóðlegri vísindaumræðu og kenningum inn í staðbundið fræðasamfélag.

Í sérstökum tilvikum er heimilt að meta ritverk í þessum flokki til allt að 60 stiga. Slík rit skulu vera sérstaklega umfangsmikil og uppfylla alþjóðlegar gæðakröfur um faglega ritrýni, ritstjórn og dreifingu. Stjórn matskerfisins í samráði við bókaneftnd setur nánari matsviðmið um þessi skilyrði.

Við mat á bókum til allt að 60 stiga í flokki A2.3 er horft til sérlega umfangsmikilla rita sem eru afrakstur áralangra rannsókna. Skilyrði fyrir því að bók sé metin til meira en 40 stiga er að engir hlutar rannsóknarinnar hafi verið gefnir út áður. Ef um rit á íslensku er að ræða er skilyrði að það sé gefið út af einu af stærstu og viðurkenndustu bókaforlögum sem starfa hér á landi. Sé um að ræða rit á erlendu máli er gerð sambærileg krafa um að það sé gefið út af einu af stærstu og viðurkenndustu bókaforlögum á viðkomandi málsvæði.“

A2.4 Aðrar bækur

0-25 stig

Í þennan flokk falla vísindarit og önnur mikilvæg fræðirit sem einkum er beint til staðbundins fræðasamfélags. Mat fer eftir umfangi verka og vinnubrögðum við ritrýni og ritstjórn.

A2.5 Endurútgáfur

5 stig

Endurútgáfur sem fela í sér umtalsverðar breytingar eru metnar til stiga. Bókaneftnd ákveður hvort breytingar frá fyrri útgáfu séu umtalsverðar. Bókaneftnd getur leitað til utanaðkomandi sérfræðinga í því skyni.

A3 Bókarkaflar

Bókarkaflar eru metnir í fimm flokkum og gilda sömu kröfur um þá og um bækur (A2.1 til A2.4) hér að framan. Samanlagt mat bókarkafla sama höfundar í sama ritverki getur ekki veitt fleiri stig en hámarksmat bókarverks í viðkomandi flokki. Bókarkaflar með lítið eða óbreyttum texta sem birst hefur áður á öðrum vettvangi eru ekki metnir til stiga.

A3.1 Ritrýnd útgáfa hjá virtustu vísindaförögum heims 20 stig

A3.2 Alþjóðleg ritrýnd útgáfa og innlend ritrýnd útgáfa með alþjóðlega skírskotun 15 stig

A3.3 Íslensk eða erlend ritrýnd útgáfa sem einkum miðast við staðbundið fræðasamfélag 10 stig

A3.4 Kaflar í öðrum bókum 0-5 stig

A3.5 Kaflar í handbókum og alfræðiritum 0-10 stig

Kaflar í handbókum og alfræðiritum eru metnir í flokki A3.5, enda er þá um samantektir að ræða en ekki umfjöllun um niðurstöður rannsókna höfundar. Umfangsmiklir kaflar í handbókum og alfræðiritum með heimildaskrá, útgefnum af virtustu forlögum heims, eru metnir til allt að 10 stiga, en aðrir kaflar í handbókum og alfræðiritum, sem ekki uppfylla framangreind skilyrði, eru metnir til 0-5 stiga.

Með hliðsjón af ákvæði um að samanlagt mat bókarkafla sama höfundar í sama ritverki geti ekki veitt fleiri stig er hámarksmat bókarverks í viðkomandi flokki, eru að hámarki metnir til stiga 4 kaflar sama höfundar í sama ritverki í flokkum A3.1-A3.5. Jafnframt gildir deiliregla vegna fjölhöfundaefnis

A4 Tímaritsgreinar

Gagnagrunnar vísindatímarita

Við mat á tímaritsgreinum er stuðst við tvo helstu gagnagrunna vísindatímarita, en þeir eru Web of Science (WoS) á vegum Clarivate og Scopus á vegum Elsevier. Auk þess er stuðst við finnska mats- og röðunarlistann fyrir akademísk verk sem kynntur er að framan.

Stjórn matskerfisins tekur ákvörðun um röðun íslenskra tímarita.

A4.1 Grein birt í WoS- eða Scopustímariti með háan áhrifastuðul 20 stig

Greinar í slíkum tímaritum með það háan áhrifastuðul (e. impact factor og citescore) að þau raðast í efstu 20% í sínum flokki fá 20 stig.

Í þeim tilvikum þar sem áhrifastuðull er ekki birtur, geta framteljendur óskað eftir með rökstuðningi að greinar þeirra sem birtast í sérlega virtum tímaritum verði metin í þessum flokki.

A4.2 Aðrar greinar í WoS og Scopus tímaritum, greinar í tímaritum sem raðast í efri tvo flokka finnska matskerfisins, ásamt greinum í svokölluðu fordyri WoS ([Emerging Sources Citation Index](#)) 15 stig

Fordyri WoS er e.k. biðsalur eða reynslutími fyrir tímarit sem eru komin inn í gagnagrunna WoS, sjá nánar hlekk að ofan.

A4.3 Greinar í tímaritum sem raðast í neðsta flokk finnska matskerfinu og flokkuð eru í norska matskerfinu í 1 og 2 (10 stig).

A4.4 Aðrar vísindagreinar í tímaritum sem ekki uppfylla skilyrði flokka A4.1 til A4.3 0-5 stig

Stjórn matskerfisins raðar íslenskum vísindatímaritum í framangreinda flokka í samræmi við alþjóðleg viðmið um gæði tímarita sem skýrð eru frekar í viðauka I. Þessi viðmið eru jafnframt höfð til hliðsjónar við mat á öðrum tímaritum sem ekki eru skráð í framangreinda gagnagrunna, sbr. A4.1 til A4.3. Heimilt er að meta svokölluð „letter“ og „comment“ í ritrýndum tímaritum í flokki A4.4.

Greinar í svokölluðum „predatory“ tímaritum eru **ekki** metnar til stiga. Bent er á leiðbeiningar um einkenni slíkra tímarita í viðauka III og að vísinda- og nýsköpunarsvið veitir upplýsingar um slík tímarit. Þeir sem eru í vafa um flokkun eru hvattir til að leita upplýsinga til sviðsins.

A5 Greinar í ráðstefnuritum

Alþjóðleg vísindaráðstefna þarf að uppfylla eftirtalin skilyrði:

1. Opinber dagskrá.
2. Þátttakendur valdir á grundvelli sérfræðiþekkingar sinnar.
3. Að minnsta kosti 15 fyrirlesarar taka þátt.
4. Að minnsta kosti 5 þeirra starfi utan þess lands þar sem ráðstefnan er haldinn.

Útdrættir og lengdir útdrættir eru ekki metnir til stiga.

A5.1 Grein birt í ráðstefnuriti í úrvalsflokki 10 stig

Ritryndar greinar í ráðstefnuritum sem eru viðurkennt birtingarform á viðkomandi fræðasviði. Ráðstefnugreinar sem eru aðgengilegar í Scopus gagnagrunninum eru metnar til stiga í þessum flokki. Einnig kemur til álita að meta í þessum flokki ritryndar ráðstefnugreinar sem eru aðgengilegar í viðurkenndum alþjóðlegum gagnagrunnum. Í framtali skal vera hlekkur á grein í viðkomandi grunni.

Ráðstefnurit sem vistuð eru eingöngu í varðveislusöfnum eins og Opnum Vísindum og Hirslunni falla ekki í þennan flokk.

A5.2 Grein í ráðstefnuriti sem ekki fellur undir úrvalsflokk 3-5 stig

Hér er átt við ritrynd ráðstefnurit. Við ákvörðun um stigamat er litið til vinnubragða við ritryni.

A6 Fyrirlestrar og veggspjöld (hámark 20 stig á ári)

A6.1	Plenum-fyrirlestur eða inngangsfyrirlestur á alþjóðlegri vísindaráðstefnu	5 stig
A6.2	Opinber boðsfyrirlestur við erlendan háskóla	3 stig
A6.3	Erindi á alþjóðlegri ráðstefnu (sjá skilgreiningu í A5)	3 stig
A6.4	Erindi á innlendri ráðstefnu	2 stig
A6.5	Erindi á fræðilegu málþingi, málstofu eða fundi fyrir faghópa	1 stig
A6.6	Veggspjald á alþjóðlegri ráðstefnu	2 stig
A6.7	Veggspjald á innlendri ráðstefnu	1 stig

Sbr. A6.3 telst ráðstefna alþjóðleg ef dagskrá er opinber, þátttakendur valdir á grundvelli sérfræðiþekkingar sinnar, fyrirlesarar séu a.m.k. 15 og a.m.k. 5 þeirra starfa erlendis. Innlend ráðstefna (A6.4) þarf að uppfylla sömu skilyrði utan þess síðasta.

Erindi skv. A6.1 þurfa að hafa verið a.m.k. 40 mínútna löng og ætluð öllum ráðstefnugestum. Erindi flutt í málstofum, jafnvel þó þau nefnist t.a.m. „keynote“ eru því ekki metin til stiga í þessum flokki. Dagskrá ráðstefnu eða fundar þarf að liggja fyrir. Boðsbréf þarf að fylgja framtali þegar um er að ræða plenumfyrirlestur eða inngangsfyrirlestur (A6.1). Plenumfyrirlestur á mjög stórri ráðstefnu (fleiri en 1.000 þátttakendur) má meta til 10 stiga. Um opinberan boðsfyrirlestur við erlendan háskóla (A6.2) gildir að lögð er áhersla á boðið og þá

alþjóðlegu viðurkenningu sem í því felst. Til að erindi sé metið í þessum flokki þarf boðið að koma frá yfirstjórn háskóla, þ.e. sviðsforseta/rektor eða sambærilegum aðila. Þess vegna þurfa að koma fram upplýsingar um hver bauð og að um opinberan fyrirlestur hafi verið að ræða. Boð um erindi frá deildum erlendra háskóla eru metin í flokki A6.5. Að öllu jöfnu er ekki gefið fyrir fyrirlestraraðir við sama skólann (t.d. 2-5 fyrirlestrar í röð), enda er þá talið að um kennslu sé að ræða.

Með faghópi er átt við fræðafólk sem leggur stund á rannsóknir og hefur forsendur til að taka þátt í vísindalegri umræðu um efnið.

Stig fyrir erindi og veggspjöld eru veitt þeim sem flytur. Þó fá kennarar og sérfræðingar stig ef erindi/veggspjald er flutt/kynnt af stúdent þeirra og er stigafjöldi þá reiknaður samkvæmt almennri deilireglu og miðað við að höfundar séu tveir. Þegar tveir eða fleiri kennarar eða sérfræðingar flytja sama erindi skiptast stigin jafnt á milli þeirra sem flytja og minnt er á að fjölhöfundareglan gildir ekki um flokk A6.

Taka þarf fram sérstaklega ef erindi/veggspjald er flutt/kynnt af stúdent. Ef ekki kemur fram hver flytur/kynnir er gengið út frá því að fyrsti höfundur hafi gert það. Ef framteljandi er ekki talinn fram sem höfundur að erindi/veggspjaldi er sú vinna ekki metin til stiga. Litið er á málþing og ráðstefnur nemenda sem hluta af námi og er sú vinna því ekki metin til stiga í þessum flokki.

Vakin er athygli á að ekki er unnt að veita fleiri en 20 stig á ári fyrir erindi og veggspjöld sem metin eru í flokki A6. Þegar kennari eða sérfræðingur er með óvenju mörg framlög (veggspjald og/eða erindi) á sömu ráðstefnu er heimilt að setja þak á fjölda stiga ef ástæða þykir til.

Ekki er gerður greinarmunur á rafrænum og staðbundnum ráðstefnum.

A7 Fræðileg ritstjórn

Með fræðilegri ritstjórn er átt við að ritstjórnarvinnan byggist á sérfræðipækkingu ritstjórans. Ekki er því um að ræða ritstjórn sem lýtur fyrst og fremst að frágangi texta.

A7.1 Ritstjóri vísindatímarits

3-5 stig/hefti

Einungis er átt við fræðilega ritstjórn ritrýndra tímarita. Veitt eru þrjú stig fyrir ritstjórnarvinnu sem einkum felur í sér ákvörðun um birtingu efnis. Ef ritstjórn lýtur einnig að inntaki og efnistöku einstakra greina, gagnrýni og fræðilegum athugasemdum, eru veitt tvö stig til viðbótar. Sinni ritstjóri hvoru tveggja er því heimilt að veita honum 5 stig fyrir hvert hefti.

Veitt eru stig fyrir að hámarki þrjú hefti á ári ef tímaritið fellur í flokk A4.1 og A4.2. Falli tímaritið í flokk A4.3 er einungis heimilt að veita stig fyrir tvö hefti á ári og falli tímaritið í flokk A4.4 er hámarkið eitt hefti á ári.

Heimilt er að veita 3 stig fyrir undir- eða meðritstjóra, svo sem landsritstjóra eða ritstjóra tiltekinna efnisflokka. Áfram gildir að seta í ritnefnd er ekki metin til stiga.

A7.2 Ritstjóri bókar

3-15 stig

Hér er einungis átt við ritstjórn ritryndra bóka. Gert er ráð fyrir því að fræðilegur ritstjóri bókar hafi í senn ákvörðunarvald um birt efni og sinni ritstjórn einstakra bókarkafla. Mat á ritstjórn fer enn fremur eftir umfangi bókar og flokkun hennar skv. A2. Ritstjóri bókar í A2.1 fær 15 stig, A2.2 11 stig, A2.3 7 stig og A2.4 3 stig

Unnt er að óska eftir sérstöku mati fyrir verulega umfangmikla ritstjórn, t.d. þegar um er að ræða stór safnrit með efni eftir fjölda fræðimanna, t.d. í bókum sem taka yfirgrípsmikil svið fræðanna til endurskoðunar og ritstjóri hefur átt virkan þátt í slíkri kortlagningu, þ.e. með skipulagi ritsins, inngangi að einstökum bókahlutum o.s.frv.

Í þennan flokk fellur jafnframt ritstjórn bókaritraða. Veitt eru 3 stig fyrir hverja bók en að hámarki 15 stig á ári.

A8 Skýrslur, ritdómar og þýðingar

A8.1 Skýrslur

0-5 stig

Forsendur mats eru umfang efnisöflunar, frumleiki og framlag til nýrrar þekkingar. Hér er átt við útgefnar fræðilegar skýrslur, útgáfuraðir háskóla með útgáfunúmeri, skýrslur í prentskilum, t.d. með ISBN- eða ISSN númeri. Óútgefnar og óaðgengilegar skýrslur/álitsgerðir eru ekki metnar til stiga. Lokaskýrslur til sjóða eru ekki metnar til stiga.“

Skýrslur geta einnig verið metnar til þjónustustiga undir lið D4. Skýrslur sem eru afurð þjónusturannsókna falla að jafnaði undir flokk D. Mat á skýrslum miðast almennt við að efni þeirra geti, ef tilefni er til, birst á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

A8.2 Ritdómar

1-3 stig

Hér er átt við birta ritdóma í tímaritum sem falla í flokka A4.1 til A4.4 þar sem allt birt efni lýtur jafnframt fræðilegri ritstjórn. Með ritdómi er átt við fræðilega umfjöllun og gagnrýni, ekki stuttar efnislegar umsagnir um einstakar bækur eða rit.

Birtingarvettvangur ræður mati. Miðað er við að A4.1/A4.2 veiti 3 stig, A4.3 veiti 2 stig og að A4.4 veiti 1 stig.

A8.3 Þýðingar á fræðilegum greinum og bókarköflum

1-5 stig

Þýðing framteljanda á efni sem hefur verulegt fræðilegt gildi og telst vera á fræðasviði hlutaðeigandi. Birtingarvettvangur ræður mati. Miðað er við að A4.1/A3.1 veiti 5 stig, A4.2/A3.2 veiti 3 stig, A4.3/A3.3 veiti 2 stig, A4.4/A3.4 veiti 1 stig. Grein eða eftir atvikum bókarkafli skal vera í fullri lengd.

A8.4 Þýðingar á fræðibókum

10-25 stig

Hér er um að ræða þýðingar efnis sem hefur verulegt fræðilegt gildi og telst vera á fræðasviði hlutaðeigandi. Ekki er þó um að ræða þýðingu eigin texta, þar sem slíkt fellur fremur undir endurútgáfu. Þýðingar annarra á verkum framteljanda eru alla jafna metnar sem endurútgáfur í flokki A2.5, þar sem fyrst og fremst er litið til aukinna vísindalegra áhrifa (impact). Endurútgáfur verka á öðrum tungumálum á alþjóðlegum vettvangi eru metnar til allt að 10 stiga. Feli slík útgáfa í sér mikla fræðilega viðurkenningu er heimilt að meta verkið til fleiri stiga í samræmi við ákvæði um sérstakt mat.

Birtingarvettvangur og umfang ræður mati. Miðað er við að þýðingar á fræðibókum sem myndu raðast í A2.1 fái 25 stig, A2.2 fái 20 stig, A2.3 fái 15 stig og A2.4 fái 10 stig.

Endurútgáfur verka á öðrum tungumálum eru metnar til allt að 10 stiga. Átt er við þýðingar fræðiritra háskólafélks sem gefnar eru út á alþjóðlegum vettvangi. Feli slík útgáfa í sér mikla fræðilega viðurkenningu er heimilt að meta verkið til fleiri stiga í samræmi við ákvæði um sérstakt mat í reglum þessum.

A9 Námsefnisgerð fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla

A9.1 Námsefnisgerð

0-10 stig

Heimilt er að meta rannsóknarþátt námsefnisgerðar fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla til stiga ef það uppfyllir eftirtalin skilyrði:

1. Inntak námsgagna er á rannsóknasviði höfundar.
2. Námsgögn bera með sér að frumrannsókn hafi farið fram.
3. Námsgögnin eru ritrýnd af sérfræðingum og gefin út af viðurkenndum útgefanda.
4. Markmið, aðferðir og ferli námsefnisgerðarinnar kemur fram í gögnum hennar, t.d. í kennsluleiðbeiningum eða í greinargerð sem höfundur lætur fylgja.
5. Magn námsefnisins er umtalsvert.

Séu þessi skilyrði ekki uppfyllt er námsefni metið til þjónustustiga. Vakin er athygli á því að námsefni fyrir háskólastig er metið í kennslukafla (B2).

A10 Nýsköpun og yfirfærsla þekkingar

Við mat á nýsköpun, þ.m.t. samfélagslegri nýsköpun og þekkingaryfirfærslu er gerð rík krafa um tengsl við rannsóknir, frumleika og nýsköpun þekkingar. Mat í þessum flokki tekur einnig til listsköpunar í akademísku samhengi. Nýsköpun og þekkingaryfirfærslu er einnig heimilt að meta til þjónustustiga ef tengsl við rannsóknir eru lítil eða óljós.

A10.1 Þátttaka í hönnunar- og skipulagssamkeppni

1-5 stig

Átt er við hönnunar- og skipulagssamkeppni sem haldin er á vegum opinberra aðila eða viðurkenndra fagfélaga á viðkomandi sviði. Þátttaka í slíkum keppnum er aðeins metin til stiga ef tillagan er dæmd gild og er hluti af sýningu á viðkomandi hönnunartillögum. Komist tillagan í úrslit eða er keypt að hluta eða í heild tvöfaldast stigin. Fylgja þarf staðfesting á að um gilda tillögu sé að ræða, auk staðfestingar á að hún hafi komist í úrslit ef það á við. Ávallt skal fylgja greinargerð um framlag starfsmanns til verksins. Mat grundvallast á umfangi verkefna.

- a) hluti af teymi, b) stakt mannvirki (lítið/meðalstórt) eða skipulag lítils svæðis: 1 stig
- b) hluti af teymi, b) stakt mannvirki (stórt) eða skipulag stærra svæðis: 2 stig
- c) tillaga í nafni viðkomandi, b) stakt mannvirki (lítið/meðalstórt) eða skipulag lítils svæðis: 3 stig
- d) tillaga í nafni viðkomandi, b) stakt mannvirki (stórt) eða skipulag stærra svæðis: 4 stig
- e) sérstaklega umfangsmikil og mikilvæg mannvirki eða stór svæði : 5 stig

Stig tvöfaldast ef tillaga kemst í úrslit eða er keypt að hluta eða í heild.

A10.2 Rannsóknahugbúnaður

5 stig

Aðeins er metinn til stiga rannsóknarhugbúnaður sem felur í sér þekkingarsköpun og/eða nýjar lausnir í hugbúnaðargerð. Hugbúnaðurinn skal vera fáanlegur og nothæfur af öðrum í opnum aðgangi (open source) eða sem söluvara. Rannsóknarhugbúnaði skal fylgja ritrýnd vísindagrein, sem hefur birst í tímariti sem fellur undir skilyrði kafla A4. Vísindagreinin þarf að vísa til hugbúnaðarins sem hugbúnaðar, ræða þróun hugbúnaðarins sem slíks og algoritma og annað sem tengist hugbúnaði og vísa á hugbúnaðinn sem aðgengilegan og í dreifingu til notkunar. Til dæmis er ekki nægjanlegt að forrita eitt eða fleiri föll sem síðan eru bestuð eða notuð til að reikna eitthvað gildi. Hin ritrýnda vísindagrein kemur jafnframt til mats undir A4 eftir því sem við á.

A10.3 Sálfræðipróf og sambærileg mælitæki

0-5 stig

Aðeins eru metin til stiga próf eða mælitæki sem eru útgefin og aðgengileg og fela í sér rannsóknavinnu sem ekki birtist á öðru formi.

A10.4 Lagafrumvörp

að jafnaði 2 stig

Aðeins eru metin til stiga lagafrumvörp sem fela í sér frumrannsóknir og rannsóknavinnu sem ekki hefur birst á öðru formi. Heimilt er að meta vinnu við lagafrumvörp sem ekki uppfylla framangreint skilyrði til þjónustustiga. Í sumum tilvikum felur gerð lagafrumvarpa í sér umtalsverða rannsóknavinnu. Undir slíkum kringumstæðum er heimilt að meta þau til allt að 10 stiga. Höfundur þarf að óska sérstaklega eftir slíku mati með rökstuðningi. Mat á lagafrumvörpum miðast almennt við það að efni þeirra geti, ef tilefni er til, birst á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur. Þegar ekki kemur fram í lagafrumvarpi hver eða hverjir höfundar þess eru þarf staðfesting á því að fylgja framtali.

A10.5 Einkaleyfi

5-15 stig

Við innlögn forgangsréttarumsóknar (fyrstu umsóknar sem lýsir nýrri tækni) fást 5 stig og 10 viðbótarstig ef lögð er inn alþjóðleg PCT einkaleyfisumsókn eða landsbundin umsókn sem byggir á forgangsréttarumsókninni innan 12 mánaða. Ekki eru veitt stig fyrir endurinnlögn einkaleyfisumsóknar hafi hún áður fengið stig.

A10.6 Þróunarstarf í skólum og öðrum skipulagsheildum

0-10 stig

Átt er við þróunarstarf í skólum eða öðrum skipulagsheildum sem byggist á rannsóknum hlutaðeigandi fræðimanns. Um er að ræða þróunarverkefni sem fela í sér yfirfærslu nýrrar þekkingar á vettvangi skólastarfs/skipulagsheildar. Þróunarverkefni eru metin að þeim loknum. Fyrir þarf að liggja skilgreining á verkefninu og áætlun um framkvæmd þess. Gera þarf grein fyrir því hvernig þróunarverkefnið tengist rannsóknum hlutaðeigandi fræðimanns. Við mat á þróunarverkefni er litið til þess hve víðtækt verkefnið er. Uppfylli þróunarverkefni ekki framangreind skilyrði er heimilt að meta það til þjónustustiga. Heimilt er að meta sambærilega þekkingaryfirfærslu innan annarra stofnana, sem uppfyllir viðlíka skilyrði og að framan greinir, til stiga í þessum flokki.“

A10.7 Nýsköpun í listum

0-40 stig

Listskýningar (einkasýningar eða samsýningar), tónsmíð eða leikverk sem flutt eru opinberlega, tónlistarflutningur og leiktúlkun. Stig fyrir listsköpun eru háð því að kennari sinni fastri kennslu sem lýtur sérstaklega að listsköpun og listaverkum (þ.m.t. bókmenntaverkum). Aðeins eru veitt

stig fyrir listsköpun kennara á hans sviði, þannig getur kennari í t.d. myndlist ekki fengið stig fyrir tónlistar- eða bókmenntaverk. Sjá nánar um mat á listsköpun og listaverkum í viðauka II.

A11 Tilvitnanir

Aðeins eru metnar tilvitnanir sem skráðar eru í WoS eða Scopus. Tilvitnanir eru metnar við upphaf starfs og árlega eftir það. Starfsmaður getur valið hvor gagnagrunnurinn er notaður við talningu tilvitnana, ef óskað er eftir endurtalningu í árlegu framtali starfa. Ef ekkert er valið er Scopus grunnurinn notaður.

Tilvitnanir eru metnar til stiga á eftirfarandi hátt:

Fyrstu 10 tilvitnanir: 1 stig/tilv.

Næstu 20 tilvitnanir: 0,5 stig/tilv.

Tilvitnanir umfram 30: 0,1 stig/tilv.

Tilvitnanir umfram 2.000: 0,05 stig/tilv.

Tilvitnanir umfram 4.000: 0,01 stig/tilv.

Stig vegna tilvitnana koma ekki til greiðslu úr vinnumatssjóðum.

A12 Styrkir úr samkeppnissjóðum

0-20 stig/ári

Miðað er við árlega heildarupphæð styrkja úr rannsóknasjóðum utan viðkomandi háskóla. Aðeins eru metnir styrkir sem bókfærðir eru í bókhaldskerfi viðkomandi háskóla eða tengdra stofnana hans. Verkefnisstjóri/ábyrgðarmaður umsóknar fær stigin nema ef samkomulag styrkþega kveður á um annað. Komi styrkur úr alþjóðlegum samkeppnissjóði tvöfaldast stigagjöf miðað við neðangreint.

Styrkir úr samkeppnissjóðum eru metnir á eftirfarandi hátt:

1 stig fyrir 0,5-1,999 milljónir/ári

2 stig fyrir 2-3,999 milljónir/ári

3 stig fyrir 4-6,999 milljónir/ári

4 stig fyrir 7-9,999 milljónir/ári

Að auki er veitt eitt stig fyrir hverjar 10 milljónir á ári til viðbótar, en þó að hámarki 20 stig árlega.

Stig vegna styrkja koma ekki til greiðslu úr vinnumatssjóðum og teljast ekki með í grunnmati í tengslum við ráðningu.

B Kennsla

B1 Kennslureynsla

- B1.1 Aðjunkt 1 og 2, lektor, dósent eða prófessor, fullt starf* 10 stig/ári
B1.2 Stundakennari sem kennir að lágmarki 75% af námskeiði 2 stig/ári
Stundakennari sem kennir að lágmarki 50% námskeiðs 1 stig/ári
Að hámarki eru veitt 6 stig/ári fyrir stundakennslu.

Kennsla í akademískum skiptiáætlunum er metin eins og stundakennsla og getur komið til viðbótar við hámarksstig sem tilgreind eru í B1.1 og B1.2.

- B2 Kennslurit, kennslubækur eða kennsluefni á vef* 0-60 stig
Mat á kennslurítum fer eftir umfangi og útgefanda.

Við mat á kennslurítum er litið til umfangs, frumleika og nýmæla í kennslu. Auk þess er stuðst við sjónarmið í köflum A2 og A3 (bækur og bókarkaflar) t.d. í tengslum við útgáfuaðila, aðgengileika og dreifingu.

B3. Leiðbeining stúdenta og andmæli

- B3.1 Við meistaraverkefni* 2-4 stig
B3.2 Aðalleiðbeinandi við doktorsverkefni 10 stig
B3.3 Seta í doktorsnefnd 3 stig
B3.4 Andmælandi við doktorsvörn 3 stig
B3.5 Við BA/BS verkefni 0,5 stig

Stig eru veitt fyrir leiðbeiningu nemenda þegar verkefnunum er lokið. Nöfn stúdenta og heiti verkefna þurfa að koma fram. Fjöldi stiga fyrir meistaraverkefni fer eftir umfangi þeirra. Leiðbeining við verkefni sem er minna en 50 ECTS-einingar gefur 2 stig, 50-70 ECTS-eininga verkefni gefur 3 stig og leiðbeining við verkefni sem er meira en 70 ECTS-einingar gefur 4 stig. Ef doktorsverkefni lýkur með M.Phil. gráðu helmingast fjöldi stiga hjá leiðbeinanda og doktorsnefnd.

Heimilt er að aðalleiðbeinandi skipti stigum úr B3.2, með einum meðleiðbeinanda, ef við á, í samræmi við hlutfallslega ábyrgð á leiðbeiningunni. Aðalleiðbeinandi og meðleiðbeinandi fá jafnframt 3 stig hvor fyrir setu í doktorsnefnd.

B4 Nýsköpun í kennslu

- B4.1 Almenn nýmæli í kennslu* 1-5 stig á ári

Átt er við nýsköpun í kennslu og kennsluháttum, svo sem skipulagningu og skilgreiningu námsleiða, viðamikla endurskipulagningu námskeiða, skilgreiningu nýrra námskeiða, þróun kennsluáðferða, gerð verkefnabanka og fleira. Skýrsla um nýsköpunarstarfið fylgi umsókn um mat samkvæmt þessum lið, staðfest af deildarforseta eða formanni námsbrautar. Í skýrslunni skal gera grein fyrir virkni nýmælanna í starfi viðkomandi deildar.

Almenn nýmæli í kennslu skv. matsreglu B4.1. eru ekki metin til stiga í grunnmati, aðeins í ársmati.

B4.2	Árangursrík umsókn um kennsluafslátt til kennsluþróunar	1 stig á ári
B4.3	Árangursrík umsókn í kennslumálasjóð	1 stig
B4.4	Kennsluakademía (stig veitt í tengslum við inntöku)	10 stig
B4.5	Kennsluferilsskrá	1 stig

Eingöngu er átt við mat á kennsluferilsskrá í fyrsta sinn sem hún er metin af alþjóðlegum sérfræðingum í tengslum við umsókn í kennsluakademíuna. Framteljandi skal hafa lokið námskeiði um gerð kennsluferilsskrár.

B4.6	Þróun námskeiðs sem er jafnframt í boði við erlenda háskóla	3 stig
B4.7	Námskeið í kennslufræði	0-2 stig

Gefin eru 2 stig fyrir lengri formleg námskeið. Þátttaka í stökum fyrirlesturum er ekki metin til stiga.

C Stjórnun

Veitt eru stig fyrir stjórnun í samræmi við neðangreint:

C1	Formaður námsbrautar	10 stig/ári
C2	Formaður í starfsnefnd háskólaráðs og fastadómnefnd fræðasviðs	10 stig/ári
C3.	Formaður í helstu starfsnefndum fræðasviða	5 stig/ári
C4.	Forstöðumaður rannsóknastofnunar	
	Metið eftir veltu.	5-15 stig/ári
C5.1	Deildarforseti/deildarformaður	
	Metið eftir veltu, fjölda starfsmanna og nemendafjölda í deild.	30, 40 eða 50 stig/ári
C5.2	Varadeildarforseti	
	Aðeins metið ef varadeildarforseti er ekki formaður námsbrautar	3 stig/ári
C6.	Fræðasviðsforseti	75 stig/ári
C7.	Rektor	100 stig/ári
C8.	Aðstoðarrektor	50 stig/ári
C9.	Seta í háskólaráði	5 stig/ári
C10.	Seta í nefnd á vegum háskólaráðs eða rektors	2 stig/ári
C11.	Formaður í nefnd á vegum háskólaráðs eða rektors	3 stig/ári
C12.	Seta í dómnefnd eða valnefnd um störf við háskóla	
	Veitt eru 2 stig fyrir hverja dómnefnd og hverja valnefnd en að hámarki 10 stig á ári.	2 stig/ári
C13.	Seta í stjórn rannsóknastofnunar	1 stig/ári
C14.	Seta í starfsnefnd fræðasviðs	1 stig/ári
C15	Kennsluþróunarstjóri	3 stig/ári

D Þjónusta

D1 Skipulagning alþjóðlegrar vísindaráðstefnu (sjá skilgreiningu undir A5)
Formennska í alþjóðlegri ráðstefnunefnd sem haldin er hér á landi eða erlendis 10 stig
Seta í ráðstefnunefnd sem haldin er hér á landi eða erlendis 1 stig

D2 Opinber matsstörf 0-2 stig
Seta í opinberum matsnefndum, tímabundið afmarkað verkefni.

D3 Seta í nefndum eða stjórnnum
Hér er átt við nefndir og stjórnir á vegum opinberra aðila, alþjóðastofnana og aðalstjórnir alþjóðlegra vísindafélaga.

Alþjóðlegt vísindafélag er félag fræðimanna sem vinnur að framgangi tiltekins fræðasviðs á breiðum grunni. Félagið þarf að hafa starfað í a.m.k. 3 ár. Seta í stjórnnum rannsóknahópa er ekki metin til stiga.

Formennska 3 stig
Almenn stjórnarseta 2 stig

D4 Álitsgerðir og skýrslur 0-5 stig
Skýrslur sem ekki falla undir A8 eða eru óútgefnar og álitsgerðir sem birtast á vegum eða fyrir aðila utan viðkomandi háskóla eru metnar í þessum flokki. Skýrsla verður að vera aðgengileg matsnefnd til að fást metin til stiga. Almenn er miðað við umfang skýrslanna (samanber A8). Í flokk D4 eru veitt að hámarki 20 stig á ári.

D5 Vísindamiðlun á fagsviði starfsmanns 0-20
Í öllum tilvikum verður að vera um að ræða ritun og/eða miðlun efnis sem hlutaðeigandi háskólafólk tekur að sér vegna fræðilegrar sérþekkingar sinnar.

1. *Útgefnar bækur almenns eðlis í almennri dreifingu* 0-20 stig
Að jafnaði er miðað við: Undir 50 bls. þá fært í D5.2, 50-100 bls. = 5 stig, 100-150=10 stig, 150-200= 15 stig, 200+=20 stig

2. *Bókakaflar almenns eðlis* 0-5 stig
3. *Þýðingar almenns eðlis* 0-10 stig

Allt undir 5 bls.=0 stig. Aðrar greinar 1-2 stig. Bókarþýðingar alla jafna 10 stig, en fimm stig fyrir minni bækur

4. *Ritstjórn bóka og tímarita almenns eðlis* 0-6 stig
Ritstjórn bókar í fullri lengd=6 stig. Ritstjóri tímarits, 2 stig/hefti, að hámarki 6 stig/ári

5. *Grein í tímariti almenns eðlis* 0-5 stig

6. *Ritdómur eða listdómur í fjölmiðli (hámark: 10 stig/ári)* 1 stig

7. *Grein í dagblaði (0-3 stig) eða samning þáttar í öðrum fjöl- eða samfélagsmiðli* 0-10 stig (hámark:10 stig/ári)

8. *Erindi á fundi, málstofu eða málþingi ætluðu almenningi eða öðrum áhugahópum* 1 stig

(hámark 10 stig á ári)

9. *Upplýsingamiðlun, viðtöl í fjölmiðlum og álitsgjöf (hámark: 10 stig/ári)* 0-10 stig
10. *Vísindamiðlun sem hagnýtir aðferðir á sviði lista og tækni* 0-10 stig
11. *Hugbúnaður sem felur í sér hagnýta hugbúnaðargerð og er dreift innanlands eða erlendis annaðhvort sem söluvara eða í opnum aðgangi (e. open source), þar með talið á opnum dreifikerfum, svo sem github.com.* 0-6 stig
- 2 stig/pakka, að hámarki 6 stig/ári

Fyrir D5.2 til D5.11 eru að hámarki veitt samtals 20 stig á ári.

D6 Sprotafyrirtæki og nytjaleyfissamningar 0-50 stig

Metin eru áhrif af sprotafyrirtækjum sem stofnuð eru af einum eða fleiri starfsmönnum með eignarhluta viðkomandi háskóla og nytjaleyfissamningum um hagnýtingu á tiltekinni þekkingu sem verður til innan viðkomandi háskóla. Koma þarf fram hvaða áhrif sprotafyrirtækið/nytjaleyfissamningurinn hefur haft á samfélagið og framlag starfsmanns til fyrirtækisins/nytjaleyfissamningsins. Unnt er að sækja um endurmat ef áhrif fara vaxandi en heildarmat getur ekki numið fleiri en 50 stigum.

- D6.1 Veruleg áhrif á alþjóðavísu* 20-50 stig
- D6.2 Nokkur áhrif á alþjóðavísu* 5-30 stig
- D6.3 Veruleg áhrif fyrir Ísland og/eða einstaka lönd* 5-30 stig
- D6.4 Nokkur áhrif fyrir Ísland og/eða einstaka lönd* 2-20 stig

Sjá nánar í leiðbeiningum.

D7 Styrkir frá öðrum en samkeppnissjóðum 0-20 stig

Heildarupphæð styrkja frá aðilum utan viðkomandi háskóla. Aðeins eru metnir styrkir sem fara í gegnum bókhaldskerfi viðkomandi háskóla, eða tengdra stofnana. Verkefnisstjóri / ábyrgðarmaður umsóknar fær einn stig nema ef samkomulag er um annað.

Stigagjöf:

- 1 stig fyrir 0,5-1,999 milljón/ári
- 2 stig fyrir 2-3,999 milljónir/ári
- 3 stig fyrir 4-6,999 milljónir/ári
- 4 stig fyrir 7-9,999 milljónir/ári

Gefið er eitt stig fyrir hverjar 10 milljónir/ári til viðbótar en að hámarki 20 stig/ári.

Stig vegna styrkja teljast ekki með í grunnmati í tengslum við ráðningu.

E Fyrri störf (vegna grunnmats)

Metin er starfsreynsla í fyrri störfum sem falla utan þeirra starfa sem áður eru talin, enda sé hún á fræðasviði kennarans eða sérfræðingsins og nýtist í því starfi. Störf nýdoktora eru jafnframt metin til stiga. Almennt er miðað við starfsreynslu frá lokum meistaragráðu.

Starfsreynsla

10 stig/ári

Stig vegna fyrri starfa að viðbættum stigum vegna kennslu geta ekki orðið fleiri en 10 á ári.

F Föst árleg stig

Í samræmi við þau föstu árlegu 10 stig sem kennarar með 40% rannsóknaskyldu fá á ári fyrir kennslu (sbr. lið B1) skulu sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn með 40% rannsóknarskyldu fá 10 stig á ári fyrir aðra starfsþætti en rannsóknir. Sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn með 60% rannsóknarskyldu fá 7 stig á ári en sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn með 80% rannsóknarskyldu fá 3 stig á ári. Þessi stig að viðbættum stigum sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna vegna kennslu í yfirvinnu skulu þó ekki verða fleiri en 10 á ári.

G Frávik

Heimilt er að veita stig fyrir verkefni sem ekki rúmast innan ramma þessara reglna enda liggi fyrir um það rökstudd beiðni eða tillaga. Einkum er hér átt við vinnu innan eða utan háskóla í þágu vísindasamfélagsins í víðum skilningi og umfangsmikla kynningu eða fræðslu fyrir almenning. Heimilt er að leita til ytri umsagnaraðila í slíkum tilvikum.

Viðauki I. Um flokkun tímarita utan alþjóðlegra gagnagrunna

Stjórn Matskerfis opinberra háskóla raðar vísindatímaritum sem ekki eru skráð í alþjóðlega gagnagrunna vísindatímarita í þrjá flokka, sbr. kafla A4 að framan (A4.2, A4.3 og A4.4). Við flokkun þessara tímarita er einkum horft til vinnubragða þeirra við ritrýni, akademískrar stöðu ritstjóra og ritstjórnar, útgáfutíðni og sérstaklega er litið til stöðu tímaritsins á viðkomandi fræðasviði, þ.e. hvort það er leiðandi. Loks er það metið hversu strangar vísindalegar kröfur viðkomandi tímarit gerir í tengslum við val á greinum til birtingar.

Við neðangreinda flokkun er stuðst við alþjóðleg viðmið og flokkunarkerfi, m.a. finnska kerfið sem rekið er á vegum samtaka finnskra vísindafélaga (e. The Federation of Finnish Learned Societies (tsv.fi)). Sjá einnig: [JUFO portal](#)

1. flokkur A4.2

15 stig

Í þennan flokk falla tímarit sem uppfylla allar hefðbundnar kröfur um vinnubrögð í tengslum við ritrýni og gera strangar vísindalegar kröfur til höfunda, m.a. um nýmæli og vísindaleg vinnubrögð. Tímarit í þessum flokki skulu hafa skýrar opinberar reglur um vinnulag við ritrýni bæði á íslensku og ensku. Gerð er krafa um að tímaritið komi út reglulega og að það sé með leiðandi alþjóðlega sérfræðinga á sviðinu í ritstjórn og í starfi ritstjóra. Þá skal tímaritið hafa sterka akademíska stöðu á fræðasviðinu og vera álitit eftirsóknarverður birtingarvettvangur vísindamanna. Í því samhengi er litið til hlutfalls „utanaðkomandi“ höfunda, þ.e. þeirra sem ekki er úr svokölluðu nærumhverfi tímaritsins eða útgáfuaðila þess. Gert er ráð fyrir því að tímarit í þessum flokki vinni kerfisbundið að því að komast inn í einhvern þeirra gagnagrunna vísindatímarita sem getið eru um í kafla 4 að framan.

2. flokkur A4.3

10 stig

Ritstjóri og ritstjórn skulu vera með framhaldsmenntun á fræðasviði tímaritsins og hafa umtalsverða rannsóknareynslu, sem m.a. felur í sér að viðkomandi hafi birt greinar í alþjóðlega viðurkenndum vísindatímaritum. Tímarit í þessum flokki birta fyrst og fremst áður óbirtar niðurstöður og hafa skýrar opinberar reglur um það hvernig staðið er að ritrýni. Litið er til hlutfalls „utanaðkomandi“ höfunda, þ.e. þeirra sem ekki er úr svokölluðu nærumhverfi tímaritsins eða útgáfuaðila þess.

3. flokkur A4.4

0-5 stig

Tímarit sem birta ritrýndar vísindagreinar falla í þennan flokk. Ritstjóri og ritstjórn skulu vera með framhaldsmenntun á fræðasviði tímaritsins og hafa nokkra rannsóknareynslu. Efni greina er að jafnaði ætlað staðbundnu vísinda- og fræðasamfélagi.

Viðauki II. Um mat á listsköpun og listaverkum

A10.7 Nýsköpun í listum

0-40 stig

Stig fyrir listsköpun eru háð því að kennari sinni fastri kennslu sem lýtur sérstaklega að listsköpun og listaverkum (þ.m.t. bókmenntaverkum). Aðeins eru veitt stig fyrir listsköpun kennara á hans sviði, þannig getur kennari í t.d. myndlist ekki fengið stig fyrir tónlistar- eða bókmenntaverk.

A10.7.1 Stór einkasýning í viðurkenndu listasafni samþykkt af listráði

10-30 stig

Með stórrí einkasýningu í viðurkenndu listasafni, samþykkt af listráði, er átt við einkasýningu á mynd- og hönnunarverkum t.d. í: Listasafni Íslands, Listasafni Reykjavíkur, Listasafni Kópavogs, Listasafni ASÍ, Hafnarborg, menningar- og listastofnun Hafnafjarðar, Nýlistasafninu, Norræna húsinu í Reykjavík, Listasafni Akureyrar eða öðrum viðurkenndum listasöfnum.

A10.7.2 Einkasýning eða þátttaka í samsýningu í viðurkenndu listasafni

eða á alþjóðlegum lista- og menningarhátíðum

0-15 stig

Með einkasýningu er hér átt við einkasýningu á frumsýndum verkum. Viðurkennd listasöfn eru þau sömu og áður voru talin.

A10.7.3 Viðamikil frumsamin tónsmíð eða leikverk sem flutt er

opinberlega af viðurkenndum listamönnum

10-30 stig

Með viðamikilli tónsmíð er t.d. átt við óperu- eða hljómsveitarverk sem flutt er í opinberu tónleikahúsi s.s. Íslensku Óperunni, Þjóðleikhúsinu, Salnum (Tónlistarhúsi Kópavogs) eða Háskólabíói. Gert er ráð fyrir að tónverkið fylli heila efnisskrá í lengd.

A10.7.4 Frumsamin tónsmíð eða leikverk sem flutt er opinberlega

af viðurkenndum listamönnum

0-10 stig

Með tónsmíð er átt við minni tónsmíðar sem fluttar eru af viðurkenndum listamönnum. Ekki er unnt að gefa stig fyrir tiltekið tónverk oftast en einu sinni.

A10.7.5 Tónlistarflutningur/leiktúlkun á alþjóðlegum lista- og menningarhátíðum,

á opinberum áskriftartónleikum eða í viðurkenndu leikhúsi

0-15 stig

Með tónlistarflutningi á alþjóðlegum lista- og menningarhátíðum eða á opinberum áskriftartónleikum er t.d. átt við Alþjóðlegu raf- og tölvutónlistarhátíðina, Norræna músíkdaga og aðrar erlendar hátíðir. Opinberir áskriftartónleikar eru t.d. áskriftartónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og áskriftartónleikar Tíbrár í Salnum Kópavogi.

A10.7.6 Tónleikahald eða viðamikil leiktúlkun

0-10 stig

Með tónleikahaldi er átt við einleik, einsöng eða listræna stjórnun á tónleikum á vegum virtra tónleikahaldara eða menningarstofnana. Með listrænni stjórnun er átt við stjórnun hljómsveitar, kórs eða kammerhóps.

Tónleikahald í tengslum við eða á vegum alþjóðlegra lista- eða menningarhátíða, virtra tónleikahaldara eða virtra menningarstofnana felur að jafnaði í sér meiri viðurkenningu en tónleikahald á eigin vegum. Að jafnaði eru veitt fleiri stig fyrir tónleikahald ef um frumflutning tónverks er að ræða.

Veita má hljóðfæraleikara stig fyrir samleik í kammerhóp eða veigamikil hlutverk í tónflutningi með viðurkenndum aðilum, s.s. Sinfóníuhljómsveit Íslands, þó ekki sé um einleik að ræða, enda hafi verið sóst eftir hljóðfæraleikaranum á grundvelli listrænnar hæfni hans. Ekki er gert ráð fyrir að slíkar uppákomur veiti stig nema þær séu a.m.k. fleiri en tvær yfir árið.

Virtir tónleikahaldarar og menningarstofnanir eru t.d.: Sinfóníuhljómsveit Íslands, Salurinn: Tónlistarhús í Kópavogi, Íslenska Óperan, Sumartónleikar í Skálholti, Listahátíð í Reykjavík, Myrkir músíkdagar, Kammersveit Reykjavíkur, Caput, Musica Antiqua, Gerðuberg, Háskólatónleikar, Félag íslenskra tónlistarmanna og Tónlist fyrir alla.

A10.7.7 Útgefnar hljóðritanir *0-10 stig*

Útgefnar hljóðritanir eru hljóðritanir sem sendar eru út af viðurkenndum fjölmiðlum eða gefnar eru út af viðurkenndum útgáfuaðilum. Hljóðritun og útsending að frumkvæði virts fjölmiðils, s.s. RÚV. Viðurkenndir tónlistarútgefendur eru t.d.: FÍH, Geimsteinn, Ísdiskar, Íslensk Tónverkamiðstöð, Jazzís, Klassís, Smekkleysa, Skífan, Stöðin ehf., Thule Musik, Tónaflóð eða þekktir erlendir tónlistarútgefendur.

A10.7.8 Bókmenntatextar *0-10 stig*

Hér er átt við ljóð, smásögur, stutt leikrit og aðra stutta bókmenntatexta.

A10.7.9 Bókarverk *10-40 stig*

Átt er við skáldsögur, ljóðasöfn, smásagnasöfn, viðamikil leikrit og önnur bókarverk er búa yfir listrænu gildi. Tekið er tillit til fyrri birtinga einstakra hluta verkanna sem og þess hvort leikrit hefur áður verið metið til stiga vegna sviðsetningar.

A10.7.10 Þýðingar á bókarköflum og öðrum stuttum ritverkum sem hafa listrænt gildi *0-5 stig*

A10.7.11 Þýðingar á bókum sem hafa listrænt gildi *10-25 stig*

A10.7.12 Hönnunarverk, sýningarstjórn eða leikstjórn *0-10 stig*

Átt er við verkhönnun í listrænu augnamiði, skipulagningu og stjórnun sýningar fyrir listasafn eða leikhús.

Með hönnunarverkum er átt við verk sem hannað er fyrir sérstakar þarfir og aðstæður þar sem tekið er tillit til fleiri þátta svo sem umhverfis, notagildis og fegurðar.

Einstök mynd- og hönnunarverk eru ekki metin til stiga nema þar sem verk er hannað fyrir tiltekna aðstæður þar sem fram komi viðurkenning fleiri aðila svo sem listráðs eða valnefndar á sérþekkingu viðkomandi til að vinna verkið.

Viðauki III. Leiðbeiningar um einkenni svokallaðra “predatory” tímarita

Háskólafolk er hvatt til að vera á varðbergi gagnvart svokölluðum „predatory“ tímaritum, en þau eru þekkt fyrir að beita ágengum aðferðum við að fá fólk til að birta vísindagreinar sínar. Þetta gera þau t.d. með fjöldapóstsendingum og gylliboðum um birtingargjöld og birtingarhraða. Reynslan sýnir að auðvelt er að falla í gildruna. Einkenni tímaritanna, sem alla jafna eru í opnum aðgangi, eru meðal annars þessi:

- Birtingargjöld eru lág og ritrýni tekur alla jafna mjög stuttan tíma.
- „Útgáfufyrirtæki“ byrja gjarnan með eða stofna fjölda tímarita samtímis.
- Mikil skörun er á ritstjórum og ritstjórn tímarita hjá sama útgáfuaðila þvert á ólíkar vísindagreinar.
- Þau tiltaka gjarnan skráningu í gagnagrunna sem ekki hafa gæðaviðmið að leiðarljósi við sína skráningu (t.d. Copernicus, WorldCat og Academia.edu)
- Þau tiltaka gjarnan áhrifastuðul hjá óþekktum eða óvönduðum aðilum (t.d. International Scientific Indexing, skammstafað ISI, sem felur í sér augljósan villandi ásetning).
- Slík tímarit eru í sumum tilvikum þverfagleg og bera oft alþjóðleg heiti (t.d. International Journal of Scientific Study!).
- Heimilisfang tímarits er ekki í sama landi og titill þess ber með sér.

Við val á tímaritum er öruggast að velja tímarit sem skráð eru í viðurkennda gagnagrunna eða lista. Meðal þeirra má nefna eftirfarandi:

- Den Bibliometriske Forskningsindikator (Danmörku): <https://ufm.dk/forskning-og-innovation/statistik-og-analyser/den-bibliometriske-forskningsindikator/BFI-lister>
- Directory of Open Access Journals (doaj.org)
- Íslensk tímarit sem metin eru skv. Matskerfi opinberra háskóla
- Publication Forum (Finnland): <https://www.tsv.fi/julkaisufoorumi/haku.php?lang=en>
- Register over vitenskapelige publiseringskanaler (Noregur): <https://dbh.nsd.uib.no/publiseringskanaler/Forside>
- Scopus (scopus.com)
- Web of Science (webofknowledge.com)

Einnig hafa einkaaðilar haldið úti listum yfir tímarit og útgáfur sem bera einkenni „predatory“ útgáfu og gott er að hafa til viðmiðunar. Þeirra frægastur er sk. „Beall’s list“ en honum er ekki lengur viðhaldið. Hér má sjá dæmi um slíka lista:

- Beall’s list of predatory journals and publishers (vistuð síðasta útgáfa af lista Bealls): <https://bealllist.net/>
- List of Predatory Publishers: <https://predatoryjournals.com/publishers/>
- List of Predatory Journals: <https://predatoryjournals.com/journals/>

Ef fólk er í vafa veitir vísinda- og nýsköpunarsvið fúslega ráð um birtingarvettvang.